

244. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 22. apríl 2025 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad varamaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2502154 - Grassláttur fyrir eldri borgara og öryrkja

Skipulags- og umhverfisráð hefur bókað um fyrirhugaðar breytingar á grasslætti fyrir eldra fólk og öryrkja.

Forsendur breytinganna byggja á þeirri nálgun að áherslur í þjónustu byggja á faglegu mati á stuðningsþörf umsækjenda. Greining á þeim hópi sem fékk stuðning við grasslátt 2024 leiddi í ljós að 22% þeirra 68 einstaklinga voru með staðfest mat á stuðningsþörf. Á grundvelli þessa er talið nauðsynlegt að endurskoða stuðning vegna grassláttar.

Samtal hefur farið fram milli starfsmanna velferðar- og mannréttindasviðs og skipulags- og umhverfissviðs um fyrirhugaðar breytingar og mögulegar lausnir.

Er sameiginleg niðurstaða sviðanna að leggja til tvær neðangreindar tillögur:

1. Að grassláttur verði einungis í boði fyrir eldra fólk og öryrkja sem eru nú þegar metnir í umfangsmikilli þjónustubörf á velferðar- og mannréttindasviði. Þeir aðilar munu því einungis eiga þess kost að sækja um þjónustuna með símtali til þjónustuvers. Skipulags- og umhverfissvið mun samhliða gera breytingar á gjaldskrá vegna grássláttar sem kynnt verður sérstaklega.

2. Að þjónusta við grasslátt verði hætt af hálfu sveitarfélagsins og íbúum benti á að leita til aðila sem veita slíka þjónustu.

Óskað er eftir formlegri afstöðu ráðanna til ofangreindra tillagna.

Velferðar- og mannréttindaráð telur mikilvægt að þjónustan sé veitt til þeirra einstaklinga sem eru metnir í þörf fyrir stuðningsþjónustu og er fylgjandi tillögu eitt.

2. 2410121 - Umbætur í rekstri á velferðar- og mannréttindasviði

Fyrstu drög að niðurstöðum tillagna að umbótum í rekstri á v&m lagðar fram til umræðu.

Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir fyrirbyggjandi drög og sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

KHS

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Þú ert þess ball

Silweig Sigurðardóttir
Hilgismannur Árnar Gíslar